

KJARVAL



20% afsláttur

1798 KR. RG

SS Caj P. kryddlegið lambalæri



20% afsláttur

577 KR. RG

Ali bjúgu 4 stk í pk.



20% afsláttur

649 KR. RG

Ali Medister pylsa



119 KR. STL

Egils Malt & Appelsín 0,5 L - dós



598 KR. PR

Freschetta salami & special



399 KR. PR

Goða vínarpylsur 10stk



898 KR. RG

Goða kjötbollar smáar frosnar/sænskar kjötbollar



119 KR. STL

Egils Páskaöl 0,5 L - dós



569 KR. PR

Lúsi heilsutvenna 32 dagsskammtar



449 KR. STL

Kjöfis Ís Ársins Tiramisu 1 lítri



189 KR. STL

AB mjólk 1 lítri



99 KR. STL

AB mjólk 0,5 lítri



198 KR. PR

Haust hafrakex



229 KR. PR

Papco Fis salernis-pappír 8 rúllur



249 KR. PR

Oreo kek



689 KR. PR

Meistara hrískaka

- Ódýrt fyrir heimilið -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist fyrir kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Félag eldri borgara í Skaftárhreppi

boðar til samverustundar á Hótel Kirkjubæjarklaustri mánudaginn 30. mars kl. 13:30

Sigbór Sigurðsson í Litla-Hvammi kemur og segir okkur sögu af gömlum skaftfellingi.

Stjórnin



Vilhelm Logi fæddur 20. október 2008 Foreldrar: Arnór Alexandersson og Karítas Heiðbrá Harðardóttir, systkini Vilhelms Loga eru: Enok Orri, Bjarney Birta og Eiður Örn. Búsett að Skerjavöllum 7, Klaustri

Bænastund í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar. Alla miðvikudaga kl. 17.00. Tekið er á móti fyrirbænaefnum í síma 849-7549.

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík **mánudaginn 30. mars n.k.** *Tímarpantanir í síma 480 5340*

Til sölu
Til sölu fasteignin Skerjavellir 7 á Klaustri, 200 fm með bílskúr.



Tilboð óskast í síma 8470644 eða 8662408.

SMÁUGLÝSINGAR

13. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 25. MARS 2009

LANDGRÆÐSLUFÉLAG



SKAFTÁRHREPPS
Stofnað 19. janúar 1994

Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Viljum minna á áður auglýstan aðalfund félagsins sem
haldinn verður á Hótel Kirkjubæjarklaustri
Þriðjudaginn 31. mars næstkomandi kl: 20:30.

Af óviðráðanlegum ástæðum er dr. Kristín Svavarsdóttir plöntuvistfræðingur
forfölluð. Í staðinn mun Guðmundur Halldórsson sviðstjóri rannsóknarsviðs
flytja erindi um Heksluskóga. Ætílar hann að segja okkur frá því hvernig verkefni-
inu miðar. Nefnir hann erindið *Rannsóknir og þróun*.

Kaffiveitingar í boði Landgræðslu ríkisins
Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps



Leikfélag Rangæinga Sýnir leikritið Orustan á Laugalandi

10.	3. apríl	Kl: 20,30	Skógar	föstudagur
11.	15. apríl	Kl:20.30	Skógar	miðvikudagur
12.	18. apríl	Kl: 20,30	Klaustur	laugardagur

Miðapantanir í síma: **897-9740**
Milli kl: **13.00 og 18.00**

Lífríkisspíru-lofsöngur 6.vers.

Lag. Á Hóli var bóndi sem hét bara Jón

Hér frægasta endinn við fáum að skrá.
Fögnum og lyftum upp krúsum.
Markmiðum okkar við munum nú ná.
Mannskepnur flýja úr húsum.
Hæ, hæ, og hó, dönsu og djúsum.
Blómstrar nú hvönnin svo bústin að sjá
með brekkubobbum og músun.

Endir.

RR.

Er það ekki nokkuð langsótt að reyna
að friðlýsa Reynisfjall vegna brekku-
bobba, hvannarinnar og músanna. Þetta
lífríki er ekki í neinni útrýmingarhættu
hér af manna völdum.

Tilgangurinn hinsvegar allt annar. Að
reyna þannig að endurtaka sama leikinn
og við Dyrhólaey og koma með
friðlýsingunni í veg fyrir framþróun og
bættar samgöngur í Mýrdal og um
þjóðveg landsins. Þeir sem vilja reyna
að greiða götu náungans til framtíðar,
eru stimplaðir umhverfisspillar, og
þaðan af verra, með fáránlegum lífríkis
röksemdum.

Ég segi nú bara: Guð hjálpi þessum
lífríkisspírum og leiði þær á réttan
veg....

Gegnum fjallið..

Reynir Ragnarsson.

Ár var alda,
það er ekki var,
var-a sandur né sær
né svalar unnir,
jörð fannst æra
né upphiminn,
gap var ginnunga
en gras hvergi. –
(Úr Völuspá.)

Á döfinni.....

28.03.2009 Sambandsþing USVS haldið
á Hótel Dyrhólaey og hefst kl. 10:00
Prjónakaffihúsið á Halldórskaffi kl.
20:30 2. apríl

Aðalfundur skógræktarfélagins
Merkur verður haldinn á hótel
Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 28.
mars kl. 14:00

**Því miður varð ekki
pláss í Vitanum núna
fyrir myndir af samkomu
Flygilsjóds Mýrdælinga
og fl. uppákomum**

**Væntanlega koma þær
innan tíðar.**

Útg.

málsháttur vikunnar
MAÐUR ER MANNS GAMAN

VITINN á www.sudurland.net

Ný netverslun - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.

A lausa tíma í Bowen

Uppl. s. 891 7810

Sæunn Bowen tækni nemi



Er komin með Volare vörurnar aftur:

Uppl. s. 891 7810. Sæunn

Vörur Dr. David Melumad hafa hjálpað mörgum.
Fólk hefur náð ótrúlegum árangri í baráttu sinni
við ýmis konar húðsjúkdóma

Samantekt vikuna 16. til 23. mars 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 107 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 19 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en þeir sem fóru hraðast voru á 141 km hraða, en það voru tveir aðilar. Þrjú umferðaróhöpp voru í vikunni. Tveir árekstrar og ein bílvelta í Landeyjum. Ekki urðu alvarleg meiðsl á fólki í þessum tilvikum. Í vikunni voru níu bifreiðar boðaðar til skoðunar en nú er vissara fyrir eigendur bifreiða að fara með þær til skoðunar á réttum tíma því nú koma viðurlög sjálfkrafa inn ef skoðun er dregin á langinn. Þó eru einhver aðlögunarákvæði í gildi þannig að það er ekki eftir neinu að bíða og mæta strax til skoðunar með ökutækin.

Nokkuð var um skemmtanir um s.l. helgi og fóru þær vel fram og ekki er vitað um neina þústra eða árásir á okkar svæði þessa vikuna. Mjög virkt eftirlit var með ölvunur og fíkniefnaakstri og var enginn stöðvaður þessa vikuna en mjög sýnileg löggæsla var við skemmtistaðina og hefur það skilað þessum árangri að við teljum. Þó kann að vera að fólk sé að gera sér ljósa þá ábyrgð sem kann að skapast við að aka eftir að hafa neytt áfengis.

Sundlaugargestum og starfsfólki sundlaugarinnar á Hellu tókst að bjarga stúlku sem fannst meðvitundarlaus á botni sundlaugarinnar á s.l. laugardag. Þökkum við það snarræði og réttum viðbrögðum starfsfólksins að það tókst að endurlífga stúlkuna sem er á fimmta ári. Starfsfólk sundlaugarinnar kom strax út og hóf endurlífgun með því að blása í hana og hnoða. Bar það árangur og var stúlkan komin til meðvitundar áður en sjúkrabifreið með lækni kom á staðinn. Stúlkan var flutt með sjúkrabíl á Landspítala Háskólasjúkrahús í Reykjavík til frekari aðhlyningar. Var hún útskrifuð daginn eftir og mun hafa náð sér að fullu. Kallaðir voru til sérfræðingar í áfallahjálpi til að ræða við starfsfólk sundlaugarinnar og gesti, í kjölfar aburðarins.

Farið var inn í tvo sumarbústaði í nágrenni Þykkvabæjar og þaðan var stolið sjónvörpum, flatskjá og töluverðu magni af verkfærum. Málin eru til rannsóknar. Talið er að farið hafi verið þarna inn á tímabilinu frá s.l. föstudegi til laugardags. Þeir sem hafa orðið varir við grunsamlegar mannaferðir á þessu svæði eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á Hvolsvelli s. 488-4110.


Annars var vikan mjög góð hjá okkur í heildina. Dásamleg björgun stúlkunar veitir okkur góðar tilfinningar og um leið áminningu um að fara varlega og gæta að okkur í hvívetna.

Kær kveðja,
tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri



Hér er mynd af hetjunum á Hellu, Sigríður Bára Eggertsdóttir sem hnoðaði telpuna og Þórhallur Svavarson, forstöðumaður laugarinnar sem má vera stoltur af sínu starfsfólki.

*Mynd og texti: Magnús Hlynur Hreiðarsson
Ritstjóri og blaðamaður Dagskrárinnar*



Árshátíð

Kirkjubæjarskóla á Síðu 2009

Fimmtudaginn 2. apríl verður árshátíð Kirkjubæjarskóla á Síðu. Hefst hún klukkan 14:00 í Kirkjuhvoli. Þar munu nemendur skólans leika og syngja fyrir nemendur og gesti.

Inngangseyrir er 500 krónur fyrir gesti.
Skólablaðið Blængur verður til sölu á kr. 1000.

Að sýningu í Félagsheimili lokinni er fólki boðið að koma upp í skóla þar sem á boðstólnum verður kaffi og meðlæti í matsal Kirkjubæjarskóla.

Nú hvetjum við alla til að mæta á árshátíð skólans og gleðjast með nemendum og starfsfólki skólans.

Kvenfélagið Hvöt auglýsir!

Aðalfundur félagsins verður á Hörgslandi,
fimmtudaginn 2. apríl kl. 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Þjóðum sérstaklega nýja félagi velkomna
Stjórnin



Fermingar í Kirkjubæjarklaustursprestakalli

Prestsbakkakirkja á Síðu
Skírdagur, 9. apríl, kl. 14.00.



Fjóla Bergrín Sigmarsdóttir, Skríðuvöllum 5, 880 Kbk.
Pála Katrín Pálmadóttir, Hunkubökkum, 880 Kbk.

Grafarkirkja, Skaftártungu.
Páskadagur, 12. apríl, kl. 14.00.

Ármann Daði Gíslason, Ytri-Ásum, 880 Kíbk
María Ösp Árnadóttir, Sóleyjargötu 7,
900 Vestmannaeyjum.

Sr. Ingólfur Hartvigsson



Kirkjubæjarklaustursprestakall

Sunnudagur 29. mars 2009

Sunnudagaskóli í Minningarkapelli sr. Jóns Steingrímssonar kl. 11.00.

Guðspjónusta í Þykkvabæjarklausturskirkju kl. 14.00.

Guðspjónusta í Langholtskirkju kl. 16.00.

Ásakórinn leiðir söng undir stjórn Brian Roger Haroldssonar organista.

Aðalsafnaðarfundur Langholtssóknar að lokinni guðspjónustu. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf og þingsályktun kirkjuþings 2008 um að Hofsókn leggist til Kirkjubæjarklaustursprestakalls.

Sóknarprestur.

Styrkir til atvinnuþróunar

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki til atvinnuþróunar á starfssvæði sínu. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, félög, stofnanir og einstaklingar með rekstur á Suðurlandi. Til ráðstöfunar, að þessu sinni, eru 5,0 mkr.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stutt lýsing á verkefninu, ætluðum ávinningi þess ásamt kostnaðar-, fjármögnunar- og tímaáætlun. Reglur um styrkveitingar félagsins, ásamt umsóknareyðublaði, er að finna á heimasíðu félagsins www.sudur.is.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir **17. apríl 2009.**

Hlutverk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er m.a. að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og styrki til áhugaverðra verkefna.



Austurvegur 56, 800 Selfoss - Sími 480 8210 - Fax 480 8201
Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjum - Sími 481 2961
Netfang atrs@sudur.is



Skemmtiferð Sindra

Fyrirhuguð er fræðslu- og skemmtiferð Sindrafélaga
föstud.3. apríl nk.

Áætlað er að leigja Langferðabifreið og heimsækja Rangæinga
í nýju reiðhöllinni þeirra við Hvolsvöll.

Skráning í þessa ferð þarf að hafa borist fyrir þriðjudaginn.31.mars.

Skráning er hjá Ella 896-0360 og Atla 869-4818

framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrir-mæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

7. NPP-verkefni, The Sea as Our Neighbour. Sveinn gerir grein fyrir verkefninu og leggur til að Mýrdalshreppur taki þátt í því með kostnaðarþátttöku sem nemur 7000 á næstu 3 árum þar af 2000 á árinu 2009 auk vinnuframlags. Gert verði ráð fyrir að verkefni færist til Kötluaseturs þegar það hefur hafið starfsemi. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

8. Ársreikningur 2008, fyrri umræða. Umræðu frestað.

9. Aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurlands. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. verður haldinn þriðjudaginn 31. mars. Sveinn fer með umboð Mýrdalshrepps á fundinn.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 30. fundar félagsþjónustu frá 25. febrúar 2009.

2. Fundargerð 32. fundar barnaverndarnefndar frá 18. febrúar 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf bænda og landeigenda dags. 22. febrúar 2009.

2. Bréf Landgræðslustjóra dags. 3. mars 2009.

3. Bréf Landgræðslustjóra dags. 9. mars 2009.

4. Bréf Heilbrigðiseftirlits dags. 19. febrúar 2009.

5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 6. mars 2009.

6. Umsókn um styrk af Byggðaaáætlun.

7. Umsóknir til Ferðamálastofu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Tónaflóð - list í fögru umhverfi



Ágætu sveitungar og aðrir velunnarar!


Stjórn Flygilsjóðs Mýrdælinga vill koma á framfæri bestu þökkum fyrir stuðning og samveru síðastliðinn laugardag, en dagurinn var, í alla staði, hinn ánægjulegasti. Kaffisalan skilaði ágætri viðbót í sjóðinn sem er nú kr. 695.292.

Eftirtaldir aðilar styrktu verkefnið með einum eða öðrum hætti:

fjölmargin einstaklingar með bakstri og annarri vinnu, Samkór Mýrdælinga, Sólstofukvintetinn, Kvinnakór Mýrdælinga, nemendur Tónskólans, sr. Haraldur, Kristinn tónskólastjóri, Kári organisti, Auðbert, Hróbjartur og Þórir, Silla, Kristín Martí, Mýrdalshreppur, Vitinn, Kaupþing Banki, Auðbert og Vigfús, Víkurprjón, Sláturfélag Suðurlands og síðast en ekki síst þið hin, sem heimsóttuð okkur í Leikskála.

Sérstakar þakkir til góðra gesta austan Sands, þeirra framlag var mikils virði.

Með bestu kveðjum,
Kristín, Helga og Anna



Laus til umsóknar 50 % staða aðstoðarmanns bókara

Laust er til umsóknar 50 % starf aðstoðarmanns bókara hjá sýslumanninum í Vík. Vinnutími innan dagsins er samkomulagsatriði. Ráðið verður í starfið frá og með 1. maí nk.

Starfið felst í færslu bókhalds, merkingu fylgiskjala og afstemmingar vegna bókhalds sendiráða, sem sýslumannsembættið hefur tekið að sér fyrir utanríkisráðuneytið. Þá getur einnig komið til þess að aðstoða þurfi við starfsemi embættisins almennt s.s. símsvörun og afgreiðslu o.fl.

Óskað er eftir töluglögnum einstaklingi og æskilegt er að hann hafi reynslu af bókhaldi. Algert skilyrði er að einstaklingurinn sýni jákvæðni, samskiptafærni og sveigjanleika í starfi.

Kjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR, sem og viðkomandi stofnanasamning.

Upplýsingar gefa Anna Birna Þráinsdóttir sýslumaður í síma 4884300 og netfang annabirna@syslumenn.is eða Ragnheiður Högnadóttir aðalbókari, í sama síma og netfang ragnhh@syslumenn.is.

Umsóknir skulu berast embætti sýslumannsins í Vík, Ránarbraut 1, Vík, síðasta lagi 14. apríl nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sýslumaðurinn í Vík

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

444. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn miðvikudaginn 18. mars 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að tekið verði á dagskrá aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurlands undir liðnum III-9. Samþykkt. Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 10. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 4. mars 2009. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 159. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 5. mars 2009. Í 1. lið fundargerðarinnar var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta Túnahverfis og í lið 3c var samþykkt að leið nr. 3 í frumdrögum Vegagerðarinnar verði sett á aðalskipulagstillögu. Sveinn óskar eftir að liður 3c í fundargerðinni verði tekinn sérstaklega til afgreiðslu. Sveitarstjórn staðfestir samþykkt skipulags- og byggingarnefndar sem fram kemur í lið 3c í fundargerðinni með 3 atkvæðum (ÞJ, EE, KP). Tveir sitja hjá (SP, SH).

Sveinn og Sif leggja fram bókun varðandi lið 3c: *Við undirrituð sitjum hjá við afgreiðslu á niðurstöðu skipulags- og bygg-ingarnefndar varðandi veglínu þar sem við teljum að ekki sé fylgt markmiðum skipulags- og byggingarlagar þar sem segir m.a. að réttur einstaklinga og lögaðila skuli ekki fyrir borð borinn þótt hagar heildarinnar skuli hafður að leiðarljósi. Sé gengið út frá því að niðurstaða skipulags- og byggingarnefndar endurspegli hag heildarinnar, sem þó má efast um, er ljóst að sjónarmið Umhverfisstofnunar, Fuglaverndarfélag Íslands, Landverndar, Náttúruverndar-samtaka Suðurlands auk margra einstaklinga og landeigenda eru virt að vettugi og álykta má að gengið sé eins langt gegn sjónarmiðum þessara aðila eins og mögulegt er. Náttúruferið er auðlind Mýrdælinga og við skipulagsvinnu er mikilvægt að samfélagslegir hagsmunir og nátt-*

úruvernd séu höfð að leiðarljósi. Í fyrirliggjandi gögnum má finna ýmsar lausnir sem bjóða upp á auknið umferðaröryggi en taka betur tillit til ofangreindra sjónarmiða. Þar á meðal eru lausnir þar sem vegurinn fer ekki í gegnum Víkurþorp og jafnvel leiðir sem stytta veginn meira en fyrirliggjandi tillaga. Við höfum verið fylgjandi því að auka umferðaröryggi og bæta samgöngur með jarðgöngum um Reynisfjall en getum ekki greitt þessari tillögu eins og hún liggur fyrir atkvæði okkar og stíjum hjá.

Þórhildur leggur fram bókun: *Ég samþykki niðurstöðu skipulags- og byggingarnefndar en tel að vestan Geitafjalls ætti veglína að liggja norðar og taka betur tillit til landamarka lögbýla. Ég geri athugasemdir við að í fundargerð er ekki getið tillögu sem Gísli Gíslason skipulagsfulltrúi lagði fram á fundinum varðandi veglínu.*

B-listinn óskar eftir fundarhléi. Elín og Karl leggja fram bókun: *Í ljósi þess að meirihluti D-listans í sveitarstjórn klofnar aftur í afgreiðslu á nýrri veglínu á aðalskipulagstillögu lýsum við yfir vantrausti á stíjandi meirihluta og lítum svo á að hann sé fallinn.*

D-listinn óskar eftir fundarhléi. Sveinn, Þórhildur og Sif leggja fram bókun: *Við lýsum því hér með yfir að D-listinn hyggst halda áfram farsælu samstarfi út kjörtímabilið þrátt fyrir deildar meiningar um veglínu í aðalskipulagstillögu. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.*

3. Fundargerð 158. fundar fræðslunefndar frá 16. mars 2009. Á fundinum var m.a. skipaður 5 manna stýrihópur til að leiða vinnu við gerð menntastefnu Mýrdælinga. Nefndin vísaði ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag skólanna til sveitarstjórnar. Fundargerðin samþykkt.

D-listinn leggur fram tillögu ásamt greinargerð: *Sveitarstjórn samþykkir að sameina rekstur grunn-, leik- og tónskóla Mýrdalshrepps í eina deildaskipta stofnun með einum stjórnanda frá og með 1. ágúst 2009. Starfsmönnum, sem segja þarf upp störfum vegna breytinganna, verði boðin störf við hina nýju stofnun. Auglýst verði eftir stjórnanda hið fyrsta og honum ætlað að taka þátt í skipulagningu hinnar nýju stofnunar.*

Jafnframt verði hafist handa við hönnun húsnæðis skólanna og stefnt að því að öll starfsemi þeirra verði komin á sama stað innan fárra ára.

Greinargerð:
Á fundi þann 1. apríl 2008 samþykkti meirihluti sveitarstjórnar að setja af stað undirbúning þess að sameina skólana í eina stofnun. Leitað var til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og haldið var íbúáþing um skólamálið 17. janúar 2009. Ný lög um leik- og grunnskóla tóku gildi 1. júlí 2008 og þar er heimilað að reka saman grunn-, leik- og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Vegna efnahagskreppunnar sem nú ríður yfir má gera ráð fyrir að nokkuð þrenგი að rekstri Mýrdalshrepps á næstu árum. Samrekstur skólanna getur auðveldað sveitarfélaginu að halda uppi svipuðu eða betra þjónustustigi en nú er.

Tillagan samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, SH) gegn 2 (EE, KP).

B-listinn leggur fram bókun: *Fulltrúar B-listans telja að ekki hafi komið fram fagleg né fjárhagsleg rök fyrir því að sameining skólafánanna í sveitarfélaginu sé skynsamlegur kostur. Að öðru leyti vísuð við til fyrri bókana okkar um fræðslumálið í Mýrdalshreppi.*

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Óskars og Ragnars Þorsteinssona dags. 11. mars 2009. Bréfritarar óska eftir álitum sveitarstjórnar á því að þeir reki u.þ.b. 60 ær með lömbum í Höfðabrekkuafrétt á komandi vori. Samþykkt að óska umsagnar fjallskilanefndar eystri.

2. Bréf Sigurðar Sigurðarsonar dags. 5. mars 2009. Sigurður upplýsir að eignarhluti hans í jörðinni Kaldrananesi sé ekki rétt skráður í Fasteignaskrá og ekki hafi fengist leiðrétting þrátt fyrir að hann hafi leitað til Fasteignamats ríkisins, sýslumanns og sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hvetur Sigurð, í samráði við aðra eigendur Kaldraness, til að kanna hvort ekki sé rétt að gera formlega eignaskiptalýsingu og eða eftir atvikum útskiptingu lands þar sem fyrirliggjandi þinglýst gögn virðast ekki nægja til réttar skráningar í Fasteignaskrá.

3. Bréf forsætisráðuneytis dags. 2. mars 2009. Óskað er eftir að sveitarfélagið taki saman

upplýsingar um alla samninga sem sveitarfélagið á aðild að og taka til vatns- og jarðhitaréttinda. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

4. Bréf Guðm. Emils Sæmundssonar og Karls Pálmasonar dags. 1. mars 2009. Karl víkur af fundi. Bréfritarar óska eftir að leigja tún Norður-Víkur til slægna. Samþykkt að leigja þeim afnotin til eins árs.

Karl kemur inn á fundinn.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Umsókn um lóð. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni Mylluland 9 samkvæmt fyrirliggjandi umsókn.

2. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf verður haldinn föstudaginn 20. mars n.k. Sveitarstjórn sendir ekki fulltrúa á fundinn.

3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Fyrir liggur Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu fyrir árin 2008-2020. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

4. Dyrhólaey. Sveitarstjórn minnir á fyrri bókanir sínar þess efnis að lokun Dyrhólaeyjar eins og hún hefur verið framkvæmd á síðustu árum sé ekki ásættanleg með tilliti til hagsmuna ferðaþjónustunnar og óskar eftir að Umhverfisstofnun boði hagsmunaaðila til fundar um málið hið fyrsta.

5. Innkaupareglur. Sveitarstjóra falið að yfirfara gildandi innkaupareglur með hliðsjón af nýjum leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Lánssamningur. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 20.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við lánssamning sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna viðhaldsframkvæmdir, gatnagerð og holræsagerð, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Sveini Pálssyni kt. 101261-2209, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mýrdalshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr.